

Þá er ekkert rangt

Kjallari

Þorvaldur Gylfason



Þegar sjálfstæðisfyrirlysing Bandaríkjanna var birt 1776, höfðu Engendingar og aðrir Evrópumenn haft búsetu í Bandaríkjunum í rök 150 ár. Á þeim tíma útkaðist þrælalald þar vestra líkt og víða annars staðar um heiminn og hafði gert frá ómunatið. Þeim mun markverðari er önnur efnisgrein sjálfstæðisfyrirlysingarinnar (í þýðingu Jóns Ólafssonar ritstjóra frá 1884):

„Vér ætlum þessi sannindi auðsæ af sjálfum sér: – að allir menn eru skapaðir jafnir; að þeir eru af skapara sínum gæddir ýmsum ósvifanlegum réttindum; að á meðal þessara réttinda eru líf, frelsi og viðleitni til velvagnar; að stjórnir eru með mönnum settar, til að tryggja þessi réttindi, og að réttmæti valds þeirra grundvallast á samþykki þeirra, sem stjórnað er; að þegar eitthvert stjórnarform verður skadæmlegt þessum tilgangi, þá er það réttur þjóðarinnar að breyta því eður afnema það, og að stofna sér nýja stjórn, er grundvöllur sé á þeim frumreglum og valdi hennar hagað á þann hátt, er þjóðinni virðist líklegast til að tryggja óhuldeik hennar og farsæld.“

Sjálfstæðisfyrirlysingu Bandaríkjanna var beint gegn brezku krúnunni. Bandaríkjamenn þurftu að heyja blóðugt stríð 1775–1783 til að brjóta undan yfirráðum Breta. Eftir orðanna hljóðan – „allir menn eru skapaðir jafnir“ – mætti ætla, að fyrirlysingunni hafi einnig verið beint gegn þrælalaldi, en svo var ekki. Thomas Jefferson, aðalhöfundur fyrirlysingarinnar og þriðji forseti Bandaríkjanna 1801–1809, átti hundruð þræla, seldi marga þeirra og gaf öðrum frelsi. Þar á meðal voru synir Jeffersons og dætur, sem hann átti með einni af ábátum sínum, Sally Hemings, svo sem í ljós kom löngu síðar. Í hjarta sínu var Jefferson þó andvígur þrælalaldi og beitti sér fyrir lagasetningu gegn


Ríkisstjórn Lincolns leit á úrsögn suðurríkjanna sem ólöglega uppreisn

innflutningi þræla 1807, en þrælalald og þrælalald héldu áfram í suðurríkjunum. Endanlega var þrælalald afnumið í norðurríkjunum á árabílinu 1827 (New York) til 1848 (Illinois), þar eð þrælalald var þar ekki talið svara kostnaði. Í suðurríkjunum færðist þrælalald þvert á móti í aukana með eflingu þaðmullarræktar. Stjórnarskrá Bandaríkjanna, samín á fjórum mánuðum 1787 og samþykkt árið eftir, leyfði innflutning á þrælum og vemd-aði tilkall þrælalaldara til þræla sinna án þess að nefna þrælalald því nafni.

Abraham Lincoln

Tíminn leitð. Bretar afnámu þrælalald í nýlendum sínum með lögum 1833. Norðurríkjamenn í Bandaríkjunum höfðu yfirleitt andúð á þrælalaldi suðurríkjamanna. Abraham Lincoln var kjörinn forseti Bandaríkjanna 1860. Honum var mjög í mun að varðveita einingu ríkisins og hefta útbreiðslu þrælalalds. Hann var norðurríkjamaður, frá Illinois, og var andvígur þrælalaldi, þótt hann léti sig hafa það að þiggja andvirði nokkurra þræla í arf eftir tengdaforeldra sína.

Áður en Lincoln varð forseti, fannst honum líklegt, að þrælalald myndi fjara út af sjálfu sér og því dygði að hefta útbreiðslu þess og ekki þyrfti að uppræta það. Hann skipti um skodun, þegar þrælalald færðist í vöxt í suðurríkjunum. Næði þrælalald einnig að breiðast út til vesturríkjanna, gætu norðurríkin lent í minni hluta í landinu. Miklir hagsmunir voru bundnir við þrælalald í suðurríkjunum. Þegar



Lincoln varð forseti, sögðu suðurríkin, 11 talsins, sig úr lögum við norðurríkin 25. Suðurríkin óttuðust, að norðurríkin myndu neyta afismunar til að breyta stjórnarskránni og banna þrælalald með öllu. Ríkisstjórn Lincolns leit á úrsögn suðurríkjanna sem ólöglega uppreisn. Borgarastyrjöld braut út og stóð í fjögur ár, 1861–65, með miklu mannfalli. Framan af stríðinu leit Lincoln svo á, að það snerist um að varðveita einingu ríkisins, þótt kveikjan væri ágreiningur um þrælalald. Í miðju stríði varð Lincoln ljóst, að stríðið var í reyndinni þrælastríð og norðurríkin urðu að sigra til að geta síðan rífið þrælalaldið upp með rótum. Ef þrælalald er ekki rangt, sagði Lincoln, þá er ekkert rangt.

Fullur sigur

Samsærismenn frá suðurríkjunum myrtu Lincoln á föstudaginn langa 1865 og reyndu einnig að myrða varaforsetann og utanríkisráðherra, en það tókst ekki eins og Robert Redford rifjar upp í kvikmynd sinni frá 2010, The Conspirator. Norðurríkin höfðu fullan sigur síðar sama ár. Bandaríkjaþing samþykkti viðauka við stjórnarskrána, sem bannaði þrælalald í Bandaríkjunum fyrir fullt og allt. Það var þó ekki fyrr en hundruð árum síðar, 1964, að bandarískir blökkumenn öðluðust fullt jafnrétti að lögum á við hvíta. Barack Obama forseti telst blökkumaður. Kjör hans í embætti 2008 er ávöxtur 200 ára baráttu fyrir réttlæti.